

11. sept. 2006

## Tillögur starfshóps um Einfeldara Ísland

### GREINARGERÐ

Samkeppnishæfni atvinnulífs og lífskjör almennings ráðast af töluverðu leyti af því hvernig til tekst við opinbera reglusetningu. Flóknar og torskildar reglur geta valdið óþarfa kostnaði atvinnulífsins og þar með dregið úr samkeppnishæfni þess. Skýrar og sanngjarnar leikreglur stuðla á hinn bóginn að bættum lífskjörum alls almennings og auðvelda jafnramt ríki og sveitarfélögum að sinna verkefnum sínum.

### Kröfur sem löggjöf þarf að uppfylla

Löggjöf í nútímaþjóðfélagi þarf að uppfylla ýmsar kröfur. Þær helstu eru að lög:

- séu í samræmi við stjórnarskrá,
- séu sett með gagnsæjum og lýðræðislegum hætti,
- þjóni því markmiði sem að er stefnt með einföldum og skilvirkum hætti,
- séu eins einföld, skiljanleg og aðgengileg og kostur er,
- séu uppfærð reglulega og taki fyllsta tillit til ólíkra hagsmuna og örra breytinga í nútíma þjóðfélagi,
- séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Þótt flestir ættu að geta tekið undir þessi markmið er margt sem getur torveldað að þau nái fram að ganga. Opinberum reglum sem setja þarf hefur fjölgað, ekki síst vegna aðildar að EES, sem leiðir til þess að erfiðara er að hafa yfirsýn og gæta samræmis. Vinnuálag í ráðuneytum gerir það að verkum að stundum gefst ekki tími til nægjanlegs undirbúnings við reglusetningu.

### Megináherslur

Hér á eftir eru settar fram tillögur um hvernig megi með markvissum hætti ná fram einfeldara og skilvirkara laga- og regluverki á þriggja ára tímabili.

Mikilvægt er að hafa með skipulegum hætti **samráð** við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélög, frjáls félagasamtök og aðra sem löggjöf mun taka til. Slíkt samráð þjónar meðal annars þeim tilgangi að leiða hugsanlega annmarka á fyrirhuguðum reglum í ljós. En vissulega fer það eftir eðli mála, tíma sem til stefnu er og pólitísku mati ráðherra hvernig hann vill haga samráði við aðila utan ráðuneytis áður en frumvarp er lagt fram eða reglugerð sett.

Þá er hvatt til þess að enn betur verði hugað að **áhrifum löggjafar** áður en reglur eru settar. Nú þegar er lagt mat á áhrif á kostnað ríkissjóðs og tekjur og útgjöld sveitarfélaga. Æskilegt er að í auknum mæli verði lagt mat á kostnað fyrirtækja af nýrri löggjöf, eftir atvikum í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins. Ennfremur er þörf á því að metið sé, þegar við á, hvort stjórnvíslan sé í stakk búin til að sinna nýjum eða breyttum verkefnum. Loks er vert að meta hverju sinni þegar það á við áhrif löggjafar á borgarana, ekki síst þegar á þá eru lagðar auknar byrðar.

Mikilvægt er að **lagasetningarferlið** verði gert **gagnsærra** en nú er. Nú þegar gefur ríkisstjórnin út á hverju hausti hvaða stjórnarfrumvörp eru í vændum á komandi þingi. Lagt er til að listi sá sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra verði framvegis ítarlegri og geymi eftir því sem við á upplýsingar um meginefni væntanlegrar lagasetningar og tímaáætlun. Þannig skapast betri

forsendur fyrir Alþingi til að skipuleggja störf sín.

Af sama meiði er sú tillaga að **gátlisti** fylgi hverju stjórnarfrumvarpi þar sem fram komi hvort gætt hafi verið að tilteknum þýðingarmiklum atriðum við samningu frumvarps. Slíkur gátlisti mun stuðla að vönduðum vinnubrögðum en einnig auðvelda þingmönnum, fjölmiðlum og öllum almenningi að átta sig á meginefni frumvarpa og mynda sér skoðun á þeim.